

Til skipulagsráðs

Kópavogi, 15. nóvember 2021
2111223/510.00 BR

Efni: Umsögn gatnadeildar varðandi fjölgun á bílastæðum við Flesjakór 13

Lóðarhafi óskar eftir heimild til að bæta við bílastæði vestast á lóðinni við Flesjakór 13. Flesjakór 13 og Flesjakór 15 er raðhús þar sem samkvæmt lóðablaði er heimild til tveggja bílastæða framan við húsið. Af götmynd er svo að sjá að í dag eru þrjú bílastæði framan við bæði húsin og grasblettur síthvoru megin við lóðarmörk húsanna.

Við Flesjakór 5-7, Flesjakór 9-11, Flesjakór 2-4, Flesjakór 6-8, Flesjakór 12, Flesjakór 14-16, Flesjakór 18-20 og Flesjakór 24 hefur verið bætt við bílastæðum sem eru í fullri breidd á milli lóðarmarka.

Þar sem óskað er eftir heimild til að bæta við bílastæði er staðsettur brunahani slökkviliðs á lóðarmörkum, ekki er hægt né mælt með því að brunahaninn sé færður. Gera verður kröfu um að aðgengi að brunahana verði ekki skert við fjölgun bílastæða á lóðinni.

Breyting á nýtingu lóðarinnar hefur engin áhrif á aðrar veitulagnir.

Í dag eru nánast allar framlóðir við götuna með bílastæði og niðurtekinn kant á milli lóðarmarka. Erfitt er rökstyðja að þessi breyting muni hafa áhrif afgerandi áhrif á umferðaröryggi í götunni miðað við núverandi fyrirkomulag götunnar og bílastæða á framlóðum.

Virðingarfyllt,



Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar